

# Minnisblað

Til: Fræðslunefnd  
Frá: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómsfundasviðs  
Dags. 4. október 2016  
Mnr. 2011100063



ÍSAFJARÐARBÆR

## Niðurstöður leikskóla úr skóapúlsinum og skólavoginni skólaárið 2015-2016.

Í niðurstöðu foreldrakönnunar, foreldra barna á leikskólanum Eyrarskjóli kemur fram að 97,7% foreldra er almennt ánægt með leikskólann sem er nánast á landsmeðaltali. Einungis 53,7% foreldra er hinsvegar ánægt með leikskólann og er þá sennilega verið að vísa til húsnæðis og leiksvæðis. Allir eru ánægðir með fæðið en einungis 81,8% telur hæfilegna fjölda á hverri deild. Þegar kemur að námsumhverfi og samskiptum við foreldra eru foreldra barna á Eyrarskjóli ánægðari en gengur og gerist á landinu. Skólinn þarf hinsvegar að taka til skoðunar hvernig staðið er að skólabyrjun, flutningi milli deilda og skólastiga. Foreldrar telja sérfræðipjónustu betri en gengur og gerist á landinu. Í opnum svörum kemur fram að foreldrum þykir andinn í leikskólanum góður og að börnunum líði þar vel en húsnæðið og aðstaðan séu orðin lúin. Þá koma nokkrir inn á það að upplýsingaflæðið mætti vera meira.

Í niðurstöðu foreldrakönnunar, foreldra barna á leikskólanum Laufási kemur fram að allir foreldrar eru ánægðir með leikskólann, stjórnun, fæði og húsnæði. Hinsvegar er einungis helmingur ánægður með hæfilegan fjölda barna á deild og en líklegt er að foreldrum þyki of fá börn á hvorri deild. Foreldrar eru allir ánægðir með tengsl við starfsfólk og hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu en telja sig ekki þekkja stefnu og námskrá skólans nægjanlega vel. Þá eru ekki allir ánægðir með tímasetningu viðburða innan skólans. Í opnum svörum kemur fram að börnunum líður vel og foreldrum finnst starfsfólkið gott.

Í niðurstöðu foreldrakönnunar, foreldra barna á leikskólanum Tjarnabæ kemur fram að allir foreldrar eru ánægðir með leikskólann, stjórnun hans og fæði. Þegar þátturinn námsumhverfi er skoðaður eru foreldrar mjög ánægðir nema þegar kemur að þættinum vinnubrögð sem skoða þarf betur. Þegar horft er til samskipta við foreldra eru foreldrar mjög ánægðir en telja sig ekki þekkja námskrána nægjanlega vel og heimasíðan gæti verið gagnlegri. Í vinnslu er að setja upp nýja heimasíðu fyrir leikskóla Ísafjarðarbæjar. Foreldrar eru ánægðir með sérfræðipjónustu og stuðning sem börn þeirra fá. Þegar opnu svörin eru skoðuð koma engar athugasemdir um hvað betur mætti fara einungis jákvæðir punktar.

Svörun foreldrakönnunar á Sólborg náði ekki þeim viðmiðum sem þarf svo hægt sé að birta niðurstöður. Ekki var gerð könnun þetta árið á Grænagarði.

MH